

Gjaldskrá

um meðhöndlun úrgangs í Grímsnes- og Grafningshreppi

1. gr.

Heimild

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt ákvæðum 11. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og 59. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum. Hún er í samræmi við samþykkt nr. 900/2023 um meðhöndlun úrgangs í Grímsnes- og Grafningshreppi.

2. gr.

Gjald fyrir meðhöndlun úrgangs frá íbúðarhúsnæði

Innheimta skal gjald fyrir meðhöndlun úrgangs frá öllu íbúðarhúsnæði í Grímsnes- og Grafningshreppi samkvæmt eftirfarandi álagsgrunni. Gjaldið miðast við grunneiningu íláta fyrir heimilisúrgang skv. samþykkt um meðhöndlun úrgangs í Grímsnes- og Grafningshreppi, stærð þeirra íláta og losunartíðni hjá viðkomandi íbúðarhúsnæði.

Gjald fyrir grunneiningu íláta við íbúðarhúsnæði

Tegundir úrgangs og ílát í grunneiningu:

Blandaður úrgangur 240 l ílát	39.500 kr.
Lífúrgangur 240 l ílát	13.400 kr.
Pappi og pappír 240 l ílát	2.900 kr.
Plast 240 l ílát	2.900 kr.

Önnur ílát:

Blandaður úrgangur 660 l ílát	79.900 kr.
Pappi og pappír 660 l ílát	8.900 kr.

Losunartíðni:

Ílát fyrir lífúrgang: söfnun 28 daga fresti.

Ílát fyrir pappír: söfnun á 28 daga fresti.

Ílát fyrir plast: söfnun á 28 daga fresti.

Ílát fyrir blandaðan heimilisúrgang: söfnun á 28 daga fresti.

Framangreindar fjárhæðir vegna grunneininga eru lágmarksfjárhæðir. Ef húseigandi óskar eftir viðbótarílati eða stærra ílati við íbúðarhús skal greiða viðbótargjald fyrir hvert ílát samkvæmt gjaldskrá fyrir tegund úrgangs og ílát.

Vegna breytinga á skráningu íláta, svo sem vegna viðbótaríláta, skal greiða kr. 3.500.

3. gr.

Gjald fyrir fastan kostnað, rekstur grenndar- og gámastöðva og meðhöndlun úrgangs

Innheimta skal gjald fyrir fastan kostnað og rekstur gámasvæðis:

Íbúðarhúsnæði, frístundahúsnæði og atvinnuhúsnæði 13.310 kr.

Innheimta skal gjald vegna reksturs grenndarstöðva:

Frístundahúsnæði og það íbúðarhúsnæði sem ekki hefur grunneiningu íláta. 13.190 kr.

Innheimta skal gjald vegna meðhöndlunar úrgangs:

Lögbýli

12.930 kr.

Allir fasteignaeigendur sem greiða gjald vegna reksturs gámasvæðis og annan fastan kostnað eða eingöngu gjald vegna meðhöndlunar úrgangs, lögbýli fá afhent inneignarkort sem veitir þeim gjaldfrjálsan aðgang að gámastöð fyrir samtals 4,5m³ á ári. Inneign færist ekki milli ára.

Allir fasteignaeigendur sem greiða bæði gjald vegna reksturs gámasvæðis og annan fastan kostnað fyrir íbúðarhúsnæði og gjald vegna meðhöndlunar úrgangs, lögbýli fá afhent inneignarkort sem veitir þeim gjaldfrjálsan aðgang að gámastöð fyrir samtals 10m³ á ári. Inneign færist ekki milli ára.

Glatist inneignarkort getur fasteignaeigandi nálgast nýtt kort á skrifstofu sveitarfélagsins gegn gjaldi 5.000 kr.

Íbúðarhúsnæði sem ekki hefur grunneiningu greiðir gjald vegna reksturs grenndarstöðva til viðbótar við gjald vegna reksturs gámasvæðis og annan fastan kostnað.

Umframmagn er gjaldskýlt á móttökustöð, miðast við m³ þess úrgagnsmagns sem afsett er.

4. gr.

Gjald vegna meðhöndlunar dýrahæja

Sérstakt gjald vegna söfnunar og afsetningar dýrahæja er lagt á alla aðila sem eru með skráðan bústofn á búsnúmeri sínu skv. skýrslum frá Atvinnuvegaráðuneytinu. Gjaldið veitir aðgang að söfnunargámi fyrir dýrahæ sem er staðsettur innan sveitarfélagsins. Sauðfé úr Grafningi skal þó fara með á móttökustöð ÍGF í Hrismýri. Gjaldinu er skipt upp í mismunandi gjaldflokka eftir fjölda og tegund bústofns.

Umfangsstig eru reiknuð samkvæmt eftirfarandi;

Nautgripir og kýr: 2 stig

Svín og hross: 1 stig

Sauðfé og geitur: 0,5 stig

Alifuglar og loðdýr: 0,25

Hvert skráð dýr er talið inn í heildarstig í umfangi hvers bús og gjald fundið út frá því.

Gjaldflokkur	Umfang bústofns	Samtals kostnaður
Lágmarksgjald		5.000 kr
Gjaldflokkur 1	20-29 stig	25.000 kr
Gjaldflokkur 2	30-99 stig	50.000 kr
Gjaldflokkur 3	100-299 stig	75.000 kr
Gjaldflokkur 4	300-499 stig	100.000 kr
Gjaldflokkur 5	500-699 stig	150.000 kr
Gjaldflokkur 6	700-999 stig	200.000 kr
Gjaldflokkur 7	999+ stig	250.000 kr

Undanþágur og afslættir:

Hægt er að sækja um 40% afslátt af gjaldi í gjaldflokkum 1-3 ef sýnt er fram á að velta tengd dýrahaldi sé undir 5.000.000 kr á ársgrundvelli.

Ef bú getur sýnt fram á að það sjái sjálft um löglega afsetningu sinna hræja er hægt að sækja um niðurfellingu á gjaldinu.

Athygli er vakin á því að í reglugerð nr. 738/2003, um urðun úrgangs, hefur heimild til urðunar dýrahæra verið felld brott í samræmi við breytingar sem urðu á lögum um meðhöndlun úrgangs og innleiðingu reglna um aukaafurðir dýra. Telji búfjáreigandi sig hafa sérstaka heimild til urðunar dýrahæra í sínu landi skal framvísa skriflegri staðfestingu þess efnis frá Matvælastofnun. Staðfestingu skal framvísað á skrifstofu Grímsnes- og Grafningshrepps eða í tölvupósti á gogg@gogg.is.

5. gr.

Gjaldtaka á móttökustöð

Gjaldtaka á móttökustöð miðast við m³ þess úrgangsmagns sem afsett er. Allur úrgangur er gjaldskyldur við afsetningu nema brotamálmar og úrgangur sem ber úrvinnslugjald Úrvinnslusjóðs.

Móttökugjald á einn m³ af flokkuðum eða óflokkuðum úrgangi 6.500 kr.

6. grein

Samþykki og staðfesting

Gjaldskrá þessi var samþykkt á fundi sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps þann 15. desember 2025. Gjaldskráin gildir frá 1. janúar 2026, frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá nr. 1606/2024 vegna meðhöndlunar úrgangs í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Grímsnes- og Grafningshreppur, 15. desember 2025.

Fjóla Steindóra Kristinsdóttir, sveitarstjóri